

Nd.

154. Nefndarátt

um frumv. til laga um breytingu á lögum nr. 28, 22. okt. 1912, um breytingu á lögum 18. sept. 1885, um stofnun landsbanka.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir kynt sjer skjöl þau um þetta mál, sem í stjórnarráðinu eru, og athugað eftir föngum þau rök, sem færð hafa verið með og móti breytingu þeirri, er frumv. þetta ráðgerir. Hefir nefndin í einu hljóði hallast að því, að rjett sje að þetta litla frumv. gangi fram, og ræður því háttv. deild til að samþykkja það óbreytt. Hins vegar virðist rjett, að stjórnarráðið ákveði, eftir tillögum banka-stjórnar, hvar útibúið skuli vera í Suður-Múlasýslu, eftir að fengnar eru upplýsingar og skýrslur um óskir manna austur þar.

Aðalástæðan til þess, að þessi hefir orðið niðurstaða nefndarinnar, er sú, að þegar hefir verið sett á stofn bankaútibú á Seyðisfirði, en vitaskuld, að almenn-ingur hefir þá mest not bankanna og útibúa þeirra, er þau eru sem dreifðust um landið. Á þetta virðist sjerstaklega bera að líta í þessu máli, þar sem Landsbankinn er eign landsins, og því eðlilegt, að útibú hans sje sett þar, sem mest er þörf, en að sú þörf sje meiri, þar sem ekkert útibú er fyrir, sýnist auðsætt, þegar tekið er tillit til verslunar, fiskveiða og fólksfjölda beggja þeirra sýslna, sem hjer ræðir um. Að sjálfsögðu ber og í þessu máli að líta á hag bankans, og hefir nefndin einnig athugað þá hlið málsins, en fær eigi sjeð, að í þeim efnum sje hætta á ferðum, því að einmitt eftir þeim skýrslum, sem fyrir liggja um verslun og fólksfjölda Suður-Múlasýslu, virðist nægileg trygging fyrir, að útibúið hafi nóg að starfa, og ætti því að geta grætt fje eigi síður í Suður-Múlasýslu en á Seyðisfirði.

Að síðustu skal það tekið fram, að nefndin hefir átt tal við 3 úr stjórn Landsbankans, og er meiri hluti þeirra sammála nefndinni.

Alþingi, 24. júlí 1917.

Einar Arnórsson,
formaður.

M. Guðmundsson,
ritari og framsm.

Pjetur Ottesen.

Einar Jónsson.

Einar Árnason.